



SAMSTÆÐUÁRSHLUTAREIKNINGUR

1. JANÚAR - 30. JÚNÍ 2026

Íslandshótel hf.
Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík
kt. 630169-2919

Efnisyfirlit

	Bls.
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-11

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandshótela hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Íslandshótela hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2026 til 30. júní 2026. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuárshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samstæðuárshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogur 26. ágúst 2026

Deloitte ehf.

Guðmundur Ingólfsson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Íslandshótel hf. er hlutafélag og er tilgangur félagsins hótél- og veitingarekstur, fasteignarekstur og önnur skyld starfsemi. Samstæða félagsins samanstendur af móðurfélaginu, Íslandshótel hf. og sex dótturfélögum.

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Íslandshótela hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Íslandshótela hf. og dótturfélaga. Samstæðuárshlutareikningur er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur og fjárhagsstaða

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 668,8 milljónum króna á tímabilinu, sem er lækkun um 2,9% frá sama tímabili árið 2025 þegar hann nam 688,7 milljónum króna. Rekstrartekjur samstæðunnar námu 6.619,4 milljónum króna samanborið við 6.477,8 milljónum króna á undan. Tap af rekstri félagsins nam 1.027,9 milljónum króna, samanborið við 1.146,8 milljóna króna tap á sama tímabili fyrra árs. Bókfært eigið fé samstæðunnar í lok júní 2026 nam 24.804,7 milljónum króna, samanborið við 25.829,1 milljónir króna í árslok 2025. Eiginfjárhlutfall félagsins stóð í 37,7% í lok tímabilsins.

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 616,7 millj. kr. í lok tímabilsins, en þar af voru 50,0 millj. kr. í eigu félagsins. Virkir hluthafar voru þrír í upphafi árs, sem er sami fjöldi og í lok tímabilsins.

Hluthafar í lok tímabilsins eru:

	Eignarhluti
ÓDT Ráðgjöf ehf.	75,2%
S38 slhf.	24,2%
Ólafur D. Torfason	0,6%

Starfsemin á tímabilinu

Þrátt fyrir samdrátt í flugframboði dróst fjöldi erlendra ferðamanna á fyrri helmingi ársins einungis saman um tæplega 1%. Gistinætur erlendra ferðamanna á hótélum voru jafnframt álíka margar á árshlutanum samanborið við árið á undan.

Almennt efnahagsumhverfi á tímabilinu einkenndist áfram af háum vöxtum og hækkandi verðlagi. Kjarasamningsbundar launahækkanir voru jafnframt töluverðar. Þrátt fyrir aðgerðir til að mæta auknum kostnaði hafði þessi þróun neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Sterkt gengi krónunnar hefur áhrif á samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar og þar með eftirspurn erlendra ferðamanna. Á sama tíma hafði gengisþróunin jákvæð áhrif á fjármagnsliði félagsins og var gengismunur jákvæður á árshlutanum.

Horfur

Horfur næstu mánaða einkennast áfram af nokkurri óvissu. Þróun ferðaþjónustunnar mun meðal annars ráðast af flugframboði til landsins, efnahagsþróun á helstu markaðssvæðum og samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar. Þrátt fyrir samdrátt í flugframboði hefur fjöldi erlendra ferðamanna og gistinátta haldist nokkuð stöðugur það sem af er ári. Framboð hótélherbergja hefur jafnframt aukist og því má áfram gera ráð fyrir samkeppni um bæði gesti og starfsfólk.

Verðbólga er áfram töluverð og horfur eru á að kostnaðarþrýstingur verði áfram til staðar, meðal annars vegna launa- og verðlagshækkana. Vaxtastig er jafnframt hátt og óvissa ríkir um hversu hratt aðstæður skapast til vaxtalækkana. Þróun vaxta hefur því áfram veruleg áhrif á fjármagnskostnað félagsins.

Félagið mun áfram fylgjast náið með þróun eftirspurnar, flugframboðs, gengis, vaxta, verðlags og launakostnaðar og leggja áherslu á tekjustýringu, kostnaðaraðhald og hagræðingu í rekstri til að mæta breyttum markaðsaðstæðum.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.

Rekstur nýrra hótela

Í apríl á þessu ári var tilkynnt um endanlegt samkomulag Íslandshótela og Reita um að nýr leigusamningur vegna hótela Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2 og Reykjavík Natura Hotel að Nauthólsvegi 52. Leigusamningurinn tekur gildi 1. september 2026 við afhendingu eignanna og er til næstu 17 ára.

Gerðar verða breytingar á nöfnum hótela. Hilton Reykjavík Nordica mun framvegis heita Hilton Reykjavík og starfa áfram undir alþjóðlegu Hilton-vörumerki, Reykjavík Natura Hotel mun fá nafnið Hótel Reykjavík Askja og verða hluti af Hótel Reykjavík vörumerkinu.

Með því að hefja rekstur þessara tveggja hótela mun Íslandshótel reka 19 hótel um land allt með samtals um 2.400 herbergjum. Félagið mun jafnframt annast veitingarekstur á báðum hótélum. Rekstur hótela verður órofinn við breytinguna og fyrirhugaðar endurbætur verða framkvæmdar í áföngum í samstarfi við Reiti með það að markmiði að auka gæði og aðdráttarafl hótela.

Á fyrri hluta ársins hefur verið unnið að undirbúningi þess að hefja rekstur í fasteignunum, meðal annars að ráðningu starfsfólks, samskiptum við samstarfsaðila og samþættingu hótela við starfsemi samstæðunnar.

Vísað er til skýringar nr. 6, Önnur mál, fyrir nánari upplýsingar um samningana og áhrif þeirra á samstæðuna.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Það er álit stjórnar og forstjóra Íslandshótela hf. að í árshlutareikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins þann 30. júní 2026, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun árshlutans. Stjórn félagsins telur að rekstrarhæfi samstæðunnar sé tryggt og að samstæðan hafi fjárhaglegan styrk til áframhaldandi reksturs.

Það er jafnframt álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu.

Stjórn og forstjóri Íslandshótela hf. hafa staðfest samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026.

Reykjavík, 26. ágúst 2026.

Ólafur D. Torfason stjórnarformaður

Arnar Þór Másson

Margit Johanne Robertet

Jón Haukur Jónsson

Hrund Hauksdóttir

Forstjóri:

Davíð Torfi Ólafsson

Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2026

		2026	2025
	Skýr.	1.1-30.6	1.1-30.6
Rekstrartekiur			
Sala á gistingu og veitingum	4	6.449.942	6.314.375
Aðrar tekjur		169.434	163.444
		<u>6.619.377</u>	<u>6.477.819</u>
Rekstrargjöld			
Vörunotkun	(	1.058.956)	(1.003.604)
Laun og launatengd gjöld	(	3.878.942)	(3.767.958)
Annar rekstrarkostnaður	(	1.012.692)	(1.017.588)
	(	<u>5.950.590</u>)	<u>(5.789.150)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir			
Afskriftir	(	1.031.856)	(951.940)
Rekstrahagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði			
	(	363.070)	(263.272)
Fjármunatekjur		27.834	6.460
Fjármagnsgjöld	(	980.178)	(1.233.623)
Hrein fjármagnsgjöld	(	<u>952.343</u>)	<u>(1.227.163)</u>
Tap fyrir tekjuskatt			
	(	1.315.413)	(1.490.435)
Tekjuskattur		287.486	343.667
Tap tímabilsins			
	(	1.027.927)	(1.146.768)
Eigendur móðurfélags	(	1.024.403)	(1.148.171)
Hlutdeild minnihluta	(	3.524)	(1.402)
	(	<u>1.027.927</u>)	<u>(1.146.768)</u>
Tap tímabilsins			
	(	1.027.927)	(1.146.768)
Afkoma á hlut			
Grunntap og þynnt tap á hlut í krónum		1,81	2,02

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Eignir			
Fasteignir og lóðir.....		55.315.916	54.993.350
Áhöld, tæki og búnaður.....		1.655.874	1.523.259
Óefnislegar eignir.....		214.080	224.968
Leigueignir.....		6.891.132	6.983.029
Eignarhlutar í öðrum félögum.....		13.707	23.960
Fastafjármunir		64.090.710	63.748.566
Birgðir		86.424	79.576
Viðskiptakröfur		529.218	456.262
Kröfur á tengda aðila		88.235	79.591
Aðrar eignir og skammtímakröfur		296.238	87.075
Handbært fé		517.598	772.514
Veltufjármunir		1.517.713	1.475.017
Eignir samtals		65.608.423	65.223.583
Eigið fé			
Hlutfé		566.742	566.742
Yfirverð hlutfjár		2.223.869	2.223.869
Annað bundið eigið fé		19.926.521	19.723.261
Óráðstafað eigið fé		1.935.878	3.160.059
Eigið fé hluthafa móðurfélags		24.653.010	25.673.930
Hlutdeild minnihlutaeigenda		151.653	155.177
Eigið fé alls		24.804.664	25.829.108
Skuldir			
Leiguskuldbinding		7.155.815	7.251.858
Tekjuskattsskuldbinding		5.434.018	5.721.504
Langtímalán	5	23.088.612	22.815.912
Langtímaskuldir og skuldbindingar		35.678.446	35.789.275
Skuldir við lánastofnanir		296.511	0
Viðskiptaskuldir		1.266.746	491.346
Skuldir við tengda aðila		53.112	53.004
Næsta árs afborganir langtímalána	5	787.088	803.940
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga		664.242	601.230
Aðrar skammtímaskuldir		2.057.615	1.655.681
Skammtímaskuldir		5.125.314	3.605.201
Skuldir alls		40.803.759	39.394.476
Eigið fé og skuldir samtals		65.608.423	65.223.583

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2026

Tilheyrir hluthöfum Íslandshótela hf.							
	Hlutfé	Yfirverð hlutafjár	Bundið eigið fé		Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minni- hlutaeigenda	Samtals
			Annað bundið eigið fé*	Sérstakt endurmat			
30.6.2026							
Eigið fé 1.1.2026	566.742	2.223.869	1.365.487	18.357.774	3.160.059	155.177	25.829.108
Heildarafkoma					(1.024.403)	(3.524)	(1.027.927)
Afskrifað sérstakt endurmat				(181.909)	181.909		0
Arðgreiðslur umfram hagnað dótturfélaga			385.172		(385.172)		0
Eigið fé samtals 30.06.2026	566.742	2.223.869	1.750.659	18.175.865	1.935.876	151.653	24.804.664
31.12.2025							
Eigið fé 1.1.2025	566.742	2.223.869	1.104.542	18.466.342	3.238.662	145.999	25.746.154
Heildarafkoma				361.903	(288.129)	9.179	82.953
Afskrifað sérstakt endurmat				(470.471)	470.471		0
Arðgreiðslur umfram hagnað dótturfélaga			260.945		(260.945)		0
Eigið fé samtals 31.12.2025	566.742	2.223.869	1.365.487	18.357.774	3.160.059	155.177	25.829.108

*Annað bundið eigið fé samanstendur að lögbundnum varasjóð 153,6 m.kr. og bundnu eigin fé vegna afkomu dótturfélaga 1.597 m.kr.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	2026 1.1.-30.6	2025 1.1.-30.6
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) tímabilsins fyrir tekjuskatt	(	1.315.413)	(1.490.435)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýrnun		1.031.858	951.941
(Hagnaður) af sölu fastafjármuna		0	(32.281)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		952.343	1.227.163
Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		668.788	656.388
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, breyting	(	6.849)	(11.666)
Tengdir aðilar, breyting		3.247	6.398
Skammtímakröfur, breyting	(	282.119)	(502.086)
Skammtímaskuldir, breyting		1.081.294	647.717
		795.573	140.363
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.464.361	796.752
Innborgaðir vextir		27.834	6.460
Greiddir vextir	(	788.687)	(997.862)
Handbært fé frá rekstri/(til rekstrar)		703.508	(194.651)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð rekstrarfjármuna	(	1.048.806)	(570.198)
Eignfærðir vextir	(	71.853)	(40.136)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	432.934
Fjárfestingarhreyfingar	(	1.120.659)	(177.399)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		500.000	500.000
Afborganir langtímalána	(	153.823)	(687.599)
Afborganir leiguskuldbindinga	(	296.625)	(268.882)
Greiddir vextir leiguskuldbindinga	(	185.779)	(191.352)
Skammtímalán við lánastofnanir, breyting		296.511	838.047
Fjármögnunarhreyfingar		160.284	190.214
Lækkun á handbæru fé	(	256.866)	(181.836)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		1.950	(902)
Handbært fé í ársbyrjun		772.514	481.772
Handbært fé í lok tímabilsins		517.598	299.035

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Íslandshótel er hlutafélag og er tilgangur félagsins hótél- og veitingarekstur, fasteignarekstur og önnur skyld starfsemi. Lögheimili félagsins er að Hallgerðargötu 13 í Reykjavík, Íslandi.

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1.1.2026 - 30.6.2026 hefur að geyma árshlutareikning móðurfélagsins, Íslandshótel hf., auk dótturfélaga þess, Suðureignir ehf., Nordureignir ehf., Vestureignir ehf., Höfuðborgareignir ehf., Aðalstræti 100 ehf. og Húsaco ehf. Vísað er til ofangreindra félaga í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

Stjórn félagsins og forstjóri staðfestu samstæðuárshlutareikninginn þann 26. ágúst 2026.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæðan beitir sömu reikningsskilaaðferðum við gerð árshlutareiknings og við gerð ársreiknings 2025. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025. Ársreikning samstæðunnar er að finna á vef félagsins, www.islandshotel.is.

b. Rekstrarhæfi

Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

c. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningur byggir á upphaflegu kostnaðarverði nema í eftirfarandi tilfellum:

- Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð.
- Fasteignir eru metnar á endurmetnu kostnaðarverði.

Reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt á samræmdan hátt af öllum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

d. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill Íslandshótela. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum

Stjórnendur þurfa að meta og taka sérstakar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins sem vegna eðli síns eru háðir mati hverju sinni. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Stærsti matskenndi liðurinn í árshlutareikningnum tengist endurmati fasteigna samstæðunnar. Fasteignir eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði og var endurmat síðast framkvæmt í árslok 2025. Breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum aðra heildarafkomu á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Samstæðan fékk óháðan matsaðila til að framkvæma virðismat þann 31.12.2025. Sjá skýringu 12 í ársreikningi fyrir nánari upplýsingar. Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söluverð eigna og uppgreiðsluverðmæti skulda kann að vera frábrugðið þessu mati.

Við gerð þessa árshlutareiknings hafa stjórnendur metið hvort tilefni sé til að framkvæma endurmat á fasteignum samstæðunnar. Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til að framkvæma endurmat á fasteignum samstæðunnar við gerð þessa árshlutareiknings.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna (frh.)

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum (frh.)

Í samræmi við kröfur IFRS 16 um leigusamninga er lagt mat á tímalengd leigusamninga sem og ávöxtunarkröfu til áföxtunar á samningum. Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og á þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Starfsþáttayfirlit

Stjórnendur hafa skilgreint rekstur samstæðunnar sem einn starfsþátt. Samstæðan byggir á rekstri hótela í Reykjavík og hringinn í kringum landið undir merkjum Fosshótela og Hótel Reykjavík Centrum, Grand og Saga. Hótelin eru þriggja og fjögurra stjörnu hótél og eru flest opin allt árið um kring. Dótturfélög Íslandshótela reka fasteignir samstæðunnar en viðskipti þeirra eru einungis innan samstæðunnar. Öll starfsemi samstæðunnar er á Íslandi.

4. Rekstrartekjur

Reikningsskilareglur

Sölutekjur samstæðunnar samanstanda af seldri gistingu og veitingum. Aðrar tekjur samstæðunnar samanstanda af öðrum tekjum af veittri þjónustu til viðskiptavina, umboðslaunum, salaleigu og öðrum tilfallandi tekjum. Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikningi þegar þjónusta er veitt kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

Sala á gistingu og veitingum greinist þannig:

	2026	2025
	1.1.- 30.6.	1.1.- 30.6.
Seld gisting	4.372.502	4.258.709
Seldar veitingar og annað	2.077.440	2.055.666
Samtals sala	6.449.942	6.314.375

5. Langtímaskuldir

Reikningsskilareglur

Langtímaskuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Vaxtagjöld og lántökukostnaður eru innleyst í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta yfir líftíma lánsins.

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Vextir	30.6.2026	31.12.2025
Óverðtryggðar skuldir í krónum	10,39%	9.724.800	9.336.040
Gengistryggðar skuldir í evrum	4,74%	10.113.652	10.338.400
Verðtryggðar skuldir í krónum	3,95%	4.061.948	3.981.413
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir		23.900.400	23.655.852
Lántökukostnaður	(	33.500)	(36.000)
Næsta árs afborganir	(	778.288)	(803.940)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals		23.088.612	22.815.912

Skýringar

5. Langtímaskuldir (frh.)

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör langtímalána félagsins þann 30.06.2026, en kunna að breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á lánamörkuðum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu árum:

Árið 2026 / 2027	787.088
Árið 2027 / 2028	780.511
Árið 2028 / 2029	785.091
Árið 2029 / 2030	5.181.204
Árið 2030 / 2031	13.042.385
Síðar	3.324.121
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>23.900.400</u>

Félagið er með fjárhagskvaðir í skilmálum lánasamninga sinna. Félagið uppfyllir alla lánaskilmála gagnvart lánveitendum sínum í lok tímabilsins.

6. Önnur mál

Í apríl síðastliðnum undirritaði Íslandshótel endanlegt samkomulag við Reiti um nýjan leigusamning vegna hótélanna að Suðurlandsbraut 2 (Hilton Reykjavík Nordica) og Nauthólsvegi 52 (Reykjavík Natura Hotel). Samningurinn tekur gildi þann 1. september næstkomandi og nær til næstu 17 ára. Fasteignirnar eru alls 26.500 fermetrar að stærð og heildarfjöldi herbergja 470. Í kjölfarið rekur Íslandshótel 19 hótél og heildarfjöldi herbergja um 2.400. Ráðist verður í endurbætur á hótélunum í samstarfi við húseiganda með það að markmiði að auka gæði og aðdráttarafl þeirra. Íslandshótel munu jafnframt sjá um veitingarekstur á báðum hótélum, en þar eru nú starfræktir veitingastaðirnir VOX Brasserie & Bar og Satt Restaurant. Unnið hefur verið að yfirfærslu m.a. gagnvart ráðningu starfsfólks og samstarfsaðilum. Leiguskuldbinding vegna ofangreinds kemur inn í fjárhag samstæðunnar þann 1. september næstkomandi við afhendingu eignanna.